

LEIKSKÓLI - HVANNAVÖLLUM 1, HAFNARFIRÐI

Starfsemi:
 Í húsinu er 4 deilda leikskóli. Húsið skiptist í þrjá hluta, 1 deild fyrir eldri börn og 1 deild fyrir yngri börn í norðurenda, 2 deildir fyrir eldri börn í suðurenda sem tengjast saman með kjarnabyggingu sem í er aðstaða starfsfólks, eldhús, salir og fl. sameiginleg rými. Miðað er við að fjöldi barna sé allt að 100 mestan hluta dagsins. Fleiri börn geta þó verið á skörunartíma um miðjan daginn eða allt að 108. Gert er ráð fyrir 24-26 stöðugildum og að mestur starfsmannafjöldi í einu í húsinu sé 31-35.


Byggingarlýsing:
 Húsið er á steinsteyptum sökklum á malarpúða. Undir steinsteyptri plötu er einangrunarplast. Kólnunartala plötu : 0,30W/m²C°. Útveggir eru steinsteyptir, einangrað að utanverðu með veggplötu 100 mm, 80 kg/m³ (steinull) og klæddir með sléttum, eldföstum lituðum plötum að hluta og að hluta með lóðréttri viðarklæðningu. Innanhúss eru steypir veggir sléttmúraðir. Gluggar eru trégluggar með álkápu að utanverðu. Allt gler er tvöfalt einangrunargler, einangrunargildi skv. byggingareglugerð. Kólnunartala útveggja er 0,4 W / m² C°. Þak er uppbyggt úr léttum einingum, óloftuðum, þ.e. heitt þak. Þakklæðning er pvcdukur. Kólnunartala þakflata er betri en 0,20 W / m²C°. Allir léttir innveggir eru gífsklæddir, fylltir steinull. Loftaklæðning innanhúss eru hljóðdeyfandi harðpressaðar steinullarplötur í brunaflokki 1. Vélræn loftræsing er í öllum gluggalausum rýmum, snyrtingum, eldhúsi og þurrk- og fataklefum, þvottahúsi, fjölnotarymi, vinnustofu starfsfólks, hvíldar og kaffistofu starfsfólks, en annars er loftað um opnanleg fög. Loftræsing uppfyllir skilyrði reglugerðar. Keramískar flisar eru á gólfum anddyra, fataherbergja og snyrtinga en vinyldúkur á eldhúsi, þvottahúsi og ræstingu. Á öðrum gólfum er linoleum dúkur og í öllum leik og kennslurýmum er korkment undirlag. Gólfniðurföll eru í öllum votrymum. Inntök rafmagns, hitaveitu og vatns eru frágengin skv. kröfum viðkomandi veitna.

Smáhýsi á lóð
 Eitt smáhýsi er á lóð fyrir geymslu leiktækja. Það er byggt úr einfaldri timburgrind og klætt sléttum, eldföstum lituðum plötum, þak er klætt með vinyldúk. Húsin eru óupphituð en með rafmagnslýsingu. Það er opið vagnaskýli á lóð fyrir 10 vagna, uppbygging samb. við geymsluskúr.

Brunavarnir
 Viðurkennt brunaviðvörnarkerfi tengt vaktstöð verður í húsinu. Í húsinu eru ÚT-ljós og neyðarlýsing, björgunarop, rýmingarleiðir, brunaslöngur skv. kröfum reglugerðar. Öll björgunarop eru 0,7m x 1,0 m. Brunaslöngur eru við báða aðalinnnganga skólans. Allar klæðningar eru í flokki 1. Slökkvitæki eru staðsett í samráði við Eldvarnareftirlitið. Lóð er hönnuð af Forma ehf

Stærðir:
 Lóðarstærð: 6.070,8 m²
 Brúttóflötur húss : 727,5 m²
 Heildarúmmál húss: 2.541,8 m³
 Grunnflötur smáhúss: 10,0 m²
 Heildarúmmál smáhúss 25,0 m³
 Bilastæði: 24 stk
 Vörumóttökustæði: 1 stk

Samþykkt þann
 16 MAY 2007
 Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
 F.h. Jón Sigurðsson



ÚTGÁFA	TEIKNAD	SAMÞYKKT	Í DAGS
BREYTINGAR			

ASK Arkitektar
 Geirsgötu 9
 101 Reykjavík
 Sími 515 0300
 Fax 515 0319
 www.ask.is



Áritun aðalhönnuðar:
 Páll Gunnlaugsson arkitekt / Al, kt. 210552-2199

HAMRAVELLIR		MKV. I A2
ÁDALTEIKNINGAR		1:500
VERKFRM	HEITI TEIKNINGAR	TEIKNAD
Afstöðumynd		HT
		DAGS
		08.05.07
VERK NR.	NÚMÉR TEIKNINGAR	ÚTGÁFA
06105	10-01	

